



ÁRSSKÝRSLA *2001*



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA



ÁRSSKÝRSLA *2001*



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	4	Ársreikningur	
Hlutverk og aðild	5	Áritun endurskoðenda	25
Stjórn og starfsmenn	6	Skýrsla um starfsemi LV árið 2001	26
Iðgjald	8	Áritun stjórnar og forstjóra	27
Samningar um viðbótariðgjald	8	Yfirlit um breytingar á hreinni eign	28
Lífeyrisréttur	9	Efnahagsreikningur	29
Lífeyrisgreiðslur	10	Sjóðstreymi	30
Tryggingafræðileg athugun	10	Skýringar	31
Séreignardeild	11	Kennitölur	38
Ársfundur 2001	12		
Aðgangur að upplýsingavef sjóðsins	13	Annual Report	
Rafrænar skilagreinar	13	Auditors' Report	41
Lán til sjóðfélaga	14	Directors' Report for 2001	42
Lánareglur	15	Statement of Changes in Net Assets for Pension Payments	44
Fjárfestingar	16	Balance Sheet	45
Verðbréfaeign	17	Statement of Cash Flows	46
Ávöxtun	18	Financial Indicators	47
Innlend hlutabréf	19		
Erlendar fjárfestingar	20		
Fjárfestinga- og hluthafastefna	22		

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Árið 2001 var 46. starfsár Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, en hann hóf starfsemi 1. febrúar 1956.

Í árslok námu heildareignir sjóðsins 97,5 milljörðum sem er aukning um 11,8 milljarða eða 13,8% frá fyrra ári. Á árinu 2001 greiddu 41.142 sjóðfélagar til sjóðsins og fjölgaði þeim um 833 eða um 2,1% frá fyrra ári. Styrkur sjóðsins liggur m.a. bæði í stærð hans og hagkvæmri aldursdreifingu sjóðfélaganna en meðalaldur greiðandi sjóðfélaga er nú 33 ár.

Iðgjaldagreiðslur til sjóðsins námu 6.343 mkr. og er það aukning um 875 mkr. eða 16,0% frá fyrra ári. Á liðnu ári greiddu 5.687 fyrirtæki til sjóðsins vegna starfsmanna sinna og fjölgaði fyrirtækjum um 346 eða um 6,5%.

Á árinu 2001 nutu 5.498 lífeyrisþegar lífeyrisgreiðslna að fjárhæð 1.817 mkr. úr sjóðnum. Lífeyrisþegum fjölgaði um 10,3% á árinu og lífeyrisgreiðslurnar hækkðu um 16,5%.

Ávöxtun sjóðsins á árinu 2001 var 7,8% eða neikvæð um 0,7% að raungildi samanborið við 1,2% raunávöxtun á árinu 2000. Hrein ávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartækjum var 7,7% eða neikvæð um 0,8% að raungildi. Meðalraunávöxtun sjóðsins síðustu 5 árin er 5,9%.

Ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 2001 var 15.944 mkr. og nemur aukningin 2,7% frá fyrra ári.

Árið sem leið var erfitt bæði á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum. Þannig lækkaði heildarvísitala aðallista Verðbréfabings Íslands um 9,4% en innlent hlutabréfasafn sjóðsins lækkaði á sama tíma um 7,4%. Árið 2001 olli vonbrigðum á erlendum hlutabréfamörkuðum og lækkaði heimsvísitala Morgan Stanley, en hún er helsti mælikvarði á breytingu hlutabréfa-verðs í heiminum, um 18% á liðnu ári. Liðið ár er því annað árið í röð sem erlendir hlutabréfa-

markaðir sýna neikvæða ávöxtun og þarf að fara aftur til árunna 1989 og 1990 til þess að finna því hliðstæðu.

Með vaxandi hlutfalli hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðsins mun verða vart meiri sveiflna á komandi árum í ávöxtun sjóðsins á milli ára sem helgast mun af þróun á hlutabréfaverði á markaði bæði innanlands og erlendis. Þar sem meðalaldur sjóðfélaga lífeyrissjóðsins er 33 ár er unnt að horfa til mjög langs tíma um fjárfestingar sjóðsins en til lengri tíma gefa hlutabréf nokkuð hærri ávöxtun en skuldabréf. Það mun síðan skila sjóðfélögum sjóðsins ávinningi í betri lífeyrisrétti þegar fram líða stundir.

Tryggingafræðileg úttekt sem gerð var nú í janúar miðað við árslok 2001 sýnir að heildarskuldbindingar nema 2,9 milljörðum eða 1,5% umfram eignir. Eignir lífeyrissjóðsins umfram áfallnar skuldbindingar nema 18,8 milljörðum eða sem nemur 21,2% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris.

Launagreiðendum mun á næstunni gefast kostur á að senda sjóðnum skilagreinar með rafrænum hætti í gegnum heimasíðu sjóðsins með það að markmiði að einfalda iðgjaldaskil. Ávinningur launagreiðenda af rafrænum skilum er margvíslegur. Þannig sparast bæði tími og kostnaður við að senda skilagreinar rafrænt og jafnframt eykst öryggi við meðferð skilagreina því ekki þarf að skrá aftur þær upplýsingar sem eru á rafrænum skilgreinum.

Fyrir hönd stjórnar lífeyrissjóðsins flyt ég starfsmönnum hans og sjóðfélögum þakkar fyrir ánægjulegt samstarf og samskipti á liðnu starfsári.

Magnús L. Sveinsson
stjórnarformaður



HLUTVERK OG AÐILD

Lífeyrissjóður verzlunarmanna var stofnaður 1. febrúar 1956 og hefur hann því starfað í 46 ár.

Hlutverk

Meginhlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélaga og fjölskyldur þeirra fyrir tekjumissi af völdum öldrunar, með greiðslu ellilífeyris, orkutaps, með greiðslu örorku- og barnalífeyris, og andláts, með greiðslu maka- og barnalífeyris. Ennfremur gegnir lífeyrissjóðurinn stóru hlutverki sem uppspretta lánsfjár og í hægt vaxandi mæli hlutverki sem fjárfestir í atvinnulífinu með kaupum á hlutabréfum.


Aðild

Aðild að Lífeyrissjóði verzlunarmanna eiga, samkvæmt samþykktum sjóðsins, allir launþegar sem eru félagar í **Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur** og kjarasamningar félagsins og vinnuveitenda taka til, nema sérstaklega sé kveðið á um annað í kjarasamningi. Stjórn sjóðsins er heimilt að taka í tölu sjóðfélaga meðlimi annarra samtaka verslunarmanna, sem hafa gert heildarsamninga um lífeyrisgreiðslur. Ennfremur á sá launþegi aðild að sjóðnum, sem byggir starfskjör sín á kjarasamningi VR þar sem hann ákvarðar lágmarksstarfskjör í starfsgreininni eða ráðningarbundin starfskjör launþegans byggjast á þeim samningi og launþeginn á ekki skylduaðild að öðrum lífeyrissjóði.

Sjóðfélagi, sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi á starfssviði sjóðsins getur haldið áfram aðild sinni að sjóðnum. Ennfremur er sjálfstæðum atvinnurekendum á starfssviði sjóðsins heimilt að sækja um aðild að sjóðnum. Sama á við um einstaklinga, er starfa á starfssviði sjóðsins og byggja ráðningarbundin kjör sín á kjarasamningi.

Með lögum nr. 129/1997, 1.gr., er öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi gert skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs.

Fjöldi greiðandi sjóðfélaga



STJÓRN OG STARFSMENN

Stjórn

Stjórn sjóðsins er skipuð átta mönnum, fjórum tilnefndum af stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og fjórum tilnefndum af þeim samtökum atvinnurekenda, sem að sjóðnum standa en þau eru: Kaupmannasamtök Íslands, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunarinnar – FÍS og Verslunarráð Íslands. Kjörtímabil stjórnarinnar er 3 ár. Stjórn sjóðsins 1. mars 2001 til 29. febrúar 2004 skipa eftirtaldir:

Magnús L. Sveinsson formaður
Víglundur Þorsteinsson varaformaður
Benedikt Kristjánsson
Birgir R. Jónsson
Gunnar P. Pálsson
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir
Jóhanna E. Vilhelmsdóttir
Kolbeinn Kristinsson

Á liðnu ári kom stjórn sjóðsins saman til fundar alls 17 sinnum og frá stofnun sjóðsins hafa verið haldnir 897 stjórnarfundir.

Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins samkvæmt ákvæðum samþykktu lífeyrissjóðsins undirritaðri af þeim samtökum sem að sjóðnum standa og staðfestri af fjármálaráðuneytinu. Meðal þess sem stjórnin fjallar um á fundum sínum eru breytingar á samþykktum, lánareglur, móttun fjárfestinga- og hluthafastefnu, fjárhagsáætlanir og kynningarmál.

Starfsmenn

Hjá sjóðnum starfa 26 starfsmenn, þar af 3 í hlutastarfi. Fjöldi stöðugilda á árinu 2001 var 23,2. Skrifstofa Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er á 4. og 5. hæð í Húsi verslunarinnar.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lífeyrissjóðsins á liðnu ári var kr. 104 milljónir. Rekstrarkostnaður sjóðsins í hlutfalli af iðgjöldum var 1,01% eða 0,07% af eignum í samanburði við 1,12% af iðgjöldum eða 0,08% af eignum árið áður.



Stjórn sjóðsins ásamt forstjóra

Standandi frá vinstri Þorgeir Eyjólfsson forstjóri, Birgir R. Jónsson, Benedikt Kristjánsson, Gunnar P. Pálsson og Kolbeinn Kristinsson.
Sitjandi frá vinstri Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Víglundur Þorsteinsson varaformaður, Magnús L. Sveinsson formaður og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir.



Starfsmenn sjóðsins

Aftari röð frá vinstri

Þorgeir Eyjólfsson
 Kristín Stefánsdóttir
 Ásta Björk Long
 Bjarnfríður Elín Karlsdóttir
 Guðveig Árnadóttir
 Vilhelmína Sofía Sveinsdóttir
 Ragnheiður Valtýsdóttir
 Regína Jónsdóttir
 Hildur Camilla Guðmundsdóttir
 Alda Sif Jóhannsdóttir
 Fjóla Björk Hauksdóttir
 Sólveig Arnþrúður Skúladóttir
 Þuríður Kristín Heiðarsdóttir
 Margrét Kristinsdóttur
 Elísabet Erla Dungal
 Ragnhildur Heiðberg
 Hólmfríður Ólafsdóttir
 Þóra Þórgrímsdóttir

Fremri röð frá vinstri

Helga Árnadóttir
 Jón Gunnar Guðjónsson
 Valgarður Sverrisson
 Haraldur Arason
 Guðmundur Þór Þórhallsson
 Þór Egilsson
 Sigríður Elín Ásgeirsdóttir

Á myndina vantar

Brynju Hauksdóttur

Starfssvið

forstjóri
 deildarstjóri lánadeildar
 upplýsingar, skráning
 upplýsingar, skráning
 skjalavarsla, kaffistofa
 sími, upplýsingar
 innheimtustjóri
 upplýsingar lánadeild
 lánbeiðnir sjóðfélaga
 innheimta iðgjalda
 skjalagerð
 upplýsingar lánadeild
 lífeyrir, ritari forstjóra
 bókhald
 innheimta iðgjalda
 innheimta lána
 gjaldkeri
 deildarstjóri lífeyrisdeildar

Ráðningarár

1978
 1988
 2000
 1999
 1988
 1977
 1969
 2000
 2001
 1988
 2002
 1998
 1990
 1995
 2000
 1991
 1990
 1976


innheimta iðgjalda
 tölvumál
 skrifstofustjóri
 deildarstjóri tölvudeildar
 forstöðumaður verðbréfiðskipta
 deildarstjóri séreignardeildar
 lánbeiðnir sjóðfélaga

2001
 2002
 1986
 1986
 1997
 1998
 2000

lánbeiðnir sjóðfélaga

1998

Fjöldi launagreiðenda



IÐGJALD

Iðgjald til sjóðsins er 10% af heildarlaunum sjóðfélaga, þ.e. föstum launum, yfirvinnu, bónus, greiddu orlofi o.s.frv. Sjóðfélagar eru á aldrinum 16 til 70 ára og greiðir launþegi 4% en launagreiðandi 6%. Sjálfstæðir atvinnurekendur greiða bæði hluta launþega og launagreiðanda þ.e. 10% af eigin launum. Eftir því sem iðgjald til lífeyrissjóðsins er hærra verða lífeyrisgreiðslurnar hærrí. Þegar sjóðfélagi nær 70 ára aldri hættir hann að greiða iðgjald til sjóðsins, enda aflar hann sér ekki frekari lífeyrisréttinda eftir þann tíma.

Skattfrelsi iðgjalda

4% iðgjald launþega í lífeyrissjóð er undanþegið tekjuskatti, jafnframt því sem 6% mótframlag launagreiðenda er undanþegið tekjuskatti.

Launþegar geta þar að auki greitt allt að 4% viðbótariðgjald til lífeyrissjóðs sem er undanþegið tekjuskatti og fá þá allt að 2,4% mótframlag frá launagreiðanda sem er ekki skattskyld við innborgun.

Lífeyrissparnaður lækkar skattinn

Í eftirfarandi töflu má sjá dæmi um lækkun tekjuskatts vegna greiðslu iðgjalds í lífeyrissjóð hjá sjóðfélaga sem greiðir iðgjald af 100.000 kr., 150.000 kr. og 300.000 kr. heildarlaunum á mánuði. Í dæminu er sjóðfélaginn að nýta sér hámarks skattahagræði með því að greiða samtals 8% iðgjald í lífeyrissjóð.

Heildarlaun á mánuði	100.000	150.000	300.000
Frádregið iðgjald 4%	4.000	6.000	12.000
Frádegið viðbótariðgjald 4%	4.000	6.000	12.000
Lækkun staðgreiðslu 38,54%	3.083	4.625	9.250
Heildarlækkun staðgreiðslu á ári	36.996	55.500	111.000

SAMNINGAR UM VIÐBÓTARFRAMLAG Í SÉREIGNARLÍFEYRISSJÓÐ

Á árinu 2000 undirrituðu Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og Landssamband íslenskra verzlunarmanna annars vegar, og Samtök atvinnulífsins hins vegar nýjan kjarasamning. Í samningnum er m.a. kveðið á um aukið framlag launagreiðanda í séreignarsjóð launþega þannig að í þeim tilvikum sem launþegi leggur 2% viðbótarframlag í séreignarlífeyrissjóð skal mótframlag launagreiðanda vera 1% árin 2000 og 2001 og 2% frá 1. janúar 2002.

Í kjarasamningi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Landssambands íslenskra verzlunarmanna annars vegar, og Samtaka verslunarinnar-FÍS hins vegar í janúar 2000 er kveðið á um aukið framlag launagreiðanda í

séreignarsjóð launþega þannig að í þeim tilvikum sem launþegi leggur 2% viðbótarframlag í séreignarlífeyrissjóð skal mótframlag launagreiðanda vera 0,5% á árinu 2000, 1% á árinu 2001, 1,5% á árinu 2002 og 2% á árinu 2003.

Á árinu 2002 og 2003, þegar ákvæði framangreindra kjarasamninga hefur að fullu tekið gildi, verður iðgjald þeirra launþega sem greiða 2% viðbótariðgjald í lífeyrissjóð því samtals 14,2% í stað lögbundins 10% iðgjalds. Framangreindir samningar eru mikil hvatning fyrir launþega til aukins lífeyrissparnaðar því launagreiðandi greiðir 8,2% iðgjald á móti 6% iðgjaldi launþegans.

LÍFEYRISRÉTTUR

Upphæð lífeyris fer eftir greiðslum í sjóðinn. Eftir því sem iðgjald til sjóðsins er hærra verða lífeyrisgreiðslurnar hærri.

Ellilífeyrir

Taka ellilífeyris er miðuð við 67 ára aldur. Ef töku lífeyris er frestað hækkar hann um 0,6% fyrir hvern mánuð sem líður frá 67 ára aldri, eða 7,2% á ári. Fresta má töku ellilífeyris til 70 ára aldurs. Einnig er heimilt að hefja töku ellilífeyris fyrir 67 ára aldur og lækkar hann þá um 7,2% fyrir hvert ár sem töku er flýtt. Hefja má töku ellilífeyris í fyrsta lagi við 65 ára aldur.

Örorkulífeyrir

Verði sjóðfélagi ófær um að gegna því starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum á hann rétt á örorkulífeyri. Örorkulífeyrir vegna 100% örorku er reiknaður eins og um ellilífeyri væri að ræða. Með framreikningi er þeim stigum bætt við sem reikna má með að viðkomandi hefði öðlast til 67 ára aldurs miðað við greiðslu þriggja síðustu ára. Örorkulífeyrir verður þó aldrei hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélagi hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar.

Fyrstu þrjú árin miðast örorkumat við vanhæfni sjóðfélagsins til að gegna því starfi sem hann hefur gegnt og veitti honum aðild að sjóðnum. Eftir þann tíma miðast örorkumat við vanhæfni sjóðfélagsins til almennra starfa.

Makalífeyrir


Stigaeign sjóðfélagsins ásamt framreiknuðum stigum til 67 ára aldurs ákvarðar upphæð makalífeyris. Makalífeyrir er greiddur í minnst 3 ár og lengur eða þar til yngsta barn sjóðfélaga verður 23 ára. Maki látins sjóðfélaga getur valið um tvær leiðir við töku makalífeyris, þ.e.a.s. að fá greiddan venjulegan makalífeyrir, eða að fá útborgaða verðbætta inneign sjóðfélagsins svo lengi sem hún endist, ef það er hagstæðara en að fá venjulegan makalífeyrir.

Barnalífeyrir

Barnalífeyrir er greiddur með börnum og kjörbörnum sjóðfélaga sem er látinn, öryrki eða ellilífeyrisþegi. Einnig fá fósturbörn og stjúpbörn barnalífeyri ef sjóðfélaginn sá um framfærslu þeirra að mestu eða öllu leyti. Barnalífeyrir nemur 10% af viðmiðunarlaunum sjóðsins og er hann greiddur þar til barnið verður 20 ára.

Lífeyrisgreiðslur í milljónum króna á verðlagi 1.1.2002

■ Lífeyrisgreiðslur á verðlagi hvers árs



LÍFEYRISGREIÐSLUR

Á árinu 2001 nutu 5.498 lífeyrisþegar lífeyrisgreiðslna úr sjóðnum að fjárhæð 1.817 mkr. Lífeyrisþegum fjölgaði um 10,3% á árinu og lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um 16,5%. Allar lífeyrisgreiðslur sjóðsins eru verðtryggðar og taka mánaðarlega breytingum vísitölu neysliverðs.

Hlutfallsleg skipting lífeyrisgreiðslna eftir tegundum er svipuð á síðustu þremur árum. Þannig nam ellilífeyrir 62% af heildarlífeyrisgreiðslunum, örorkulífeyrir 24%, makalífeyrir 11% og barnalífeyrir 3%. Á liðnu ári hófu 335 sjóðfélagar töku ellilífeyris og þar af voru 181 eða 54% sem hófu töku ellilífeyris við 67 ára aldur. Lífeyrir í hlutfalli af iðgjöldum nam 27,7% á árinu 2001 samanborið við 27,5% árið áður.



Fjöldi lífeyrisþega

	2001	2000	Breyting %
Ellilífeyrir	3.010	2.747	9,6
Örorkulífeyrir	1.155	1.033	11,8
Makalífeyrir	835	776	7,6
Barnalífeyrir	498	429	16,1
Samtals	5.498	4.985	10,3

Lífeyrisgreiðslur í millj. kr.

	2001	2000	Breyting %
Ellilífeyrir	1.119	974	14,9
Örorkulífeyrir	444	368	20,5
Makalífeyrir	201	173	15,9
Barnalífeyrir	53	44	22,4
Samtals	1.817	1.559	16,5

Hlutfallsleg skipting lífeyrisgreiðslna

	2001	2000
Ellilífeyrir	61,6%	62,5%
Örorkulífeyrir	24,5%	23,7%
Makalífeyrir	11,0%	11,0%
Barnalífeyrir	2,9%	2,8%
Samtals	100,0%	100,0%

TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN

Í janúar 2002 framkvæmdi Bjarni Þórðarson, tryggingastærðfræðingur, tryggingafræðilega athugun á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2001.

Helstu niðurstöður hans, miðað við að 3,5% ávöxtun náist á eignir sjóðsins umfram hækkun vísitölu neysliverðs næstu áratugina voru, að heildarskuldbindingar nema kr. 2,9 milljörðum umfram höfuðstóll sjóðsins og verðmæti framtíðariðgjalda. Heildarskuldbindingar eru 1,5% umfram eignir sjóðsins í árslok 2001.

Eignir lífeyrissjóðsins umfram áfallnar skuldbindingar nema 18,8 milljörðum eða sem nemur 21,2% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Í reikniforsendum er miðað við dánarlíkur samkvæmt reynslu árána 1991-1995 og örorkulíkur samkvæmt danskri reynslu með 40% lækkun.

Í skýringu 17 með ársreikningi sjóðsins á bls. 37 má sjá sundurliðun tryggingafræðilegrar athugunar miðað við árslok 2001.

SÉREIGNARDEILD

Árið 2001 var þriðja heila starfsár séreignardeildar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Markmiðið með stofnun séreignardeildarinnar er að auka fjölbreytni fyrir sjóðfélaga í samsetningu lífeyrisréttinda og að gefa sjóðfélögum kost á að nýta sér öflugan lífeyrissjóð sinn til þess að ávaxta viðbótarlífeyrissparnað á hagkvæman hátt.

Nafnávöxtun inneigna á séreignarreikningum á liðnu ári var 7,73% sem svarar til -0,81% raunávöxtunar. Séreignardeildin er ávöxtuð samhliða öðrum eignum sjóðsins sem nú eru rúmlega 97 milljarðar. Meðalraunávöxtun sjóðsins umfram hækkun vísitölu neysluverðs síðustu 5 árin er 5,9%.

Séreignardeildin í millj. kr.

	2001	2000	Breyting
lögjöld	252	201	25%
Inneignir í árslok	625	351	78%
Fjöldi einstaklinga með inneignir	2.781	2.380	17%

lögjaldagreiðslur til séreignardeildar sjóðsins námu 252 mkr. á árinu 2001 og er það aukning um 25% frá fyrra ári. Inneignir í séreignardeild námu 625 milljónum í árslok sem er aukning um 78% frá árinu áður. Í árslok 2001 áttu 2.781 einstaklingur inneignir í séreignardeildinni og fjöldi þeim um 401 frá fyrra ári eða um 17%.

Í kjarasamningum VR og LÍV annars vegar og Samtaka atvinnulífsins og Samtaka verslunarinnar – FÍS hins vegar, sem undirritaðir voru á fyrri hluta ársins 2000, er ákvæði um stighækkandi framlag launagreiðenda í séreignarsjóð launþega á næstu árum allt að 2% af launum sem þýðir að þeir launþegar sem spara 2% af launum fá 2,2% í mótframlag og þeir sem spara 4% af launum fá 2,4% í mótframlag frá launagreiðanda og ríkinu.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna skiptist í tvær deildir, A-deild og B-deild. A-deildin er sameignardeild þar sem greiðast lögboðin eða samningsbundin iðgjöld. B-deildin er séreignardeild og iðgjöld sem greiðast í hana verða séreign þess sjóðfélaga sem greiðir. Greiðsla í séreignarsjóð kemur ekki í staðinn fyrir greiðslu í samreignarsjóð en hún er góð viðbót við þau réttindi sem sameignarsjóðurinn veitir.

Skattahagræði og viðbótarframlag launagreiðanda vinna saman

Í meðfylgjandi töflu má sjá ávinning launþegans af því að greiða 2% eða 4% viðbótaríðgjald í séreignarsjóð því raunverulegt framlag launþegans er hlutfallslega lítið í samanburði við þá inneign sem hann eignast í séreignarsjóði.

Séreignariðgjald launþega af launum	2%	4%
Sparnaður af 150.000 kr. af launum	3.000	6.000
Lækkun staðgreiðslu 38,54%	1.156	2.312
Raunverulegt framlag	1.844	3.688
Mótframlag atvinnurekanda 2%	3.000	3.000
Mótframlag ríkisins	300	600
Mótframlag samtals	3.300	3.600
Hækkun inneignar í séreignarsjóði	6.300	9.600

Í framangreindri töflu sést að launþegi með 150.000 kr. mánaðarlaun sem greiðir 2% viðbótaríðgjald í séreignarsjóð, leggur í raun til 1.844 kr. til að öðlast 6.300 kr. inneign í séreignarsjóði og er raunverulegt framlag launþegans því aðeins 29% af inneign hans.

Endurgreiðslur úr séreignardeild sjóðsins geta hafist þegar sjóðfélaginn er orðinn 60 ára að aldri. Sjóðfélagi getur valið um tvær endurgreiðsluáðferðir eða blöndu þeirra. Annars vegar að fá inneignina greidda á 7 árum, frá 60 – 67 ára. Við 67 ára aldur er hægt að taka inneignina út í einu lagi. Hins vegar að inneigninni verði breytt í verðtryggða mánaðarlega greiðslu til æviloka. Kjósi sjóðfélaginn slíka endurgreiðsluáðferð fellur niður séreignarréttur hans til inneignarinnar sem fellur þá ekki til erfingja við andlát.

Á liðnu ári var séreignardeildin kynnt sjóðfélögum í sjóðfélagabréfum sem send voru út í mars og september. Í nóvember var sjóðfélögum sendur upplýsingabæklingur ásamt samningseyðublöðum í tengslum við hækkun á mótframlagi launagreiðenda um áramótin skv. kjarasamningum. Kynningarfundir um séreignarsparnaðinn voru haldnir með trúnaðarmönnum VR á trúnaðarmannanámskeiðum og einnig voru kynningarfundir haldnir á vinnustöðum.

ÁRSFUNDUR 2001

Ársfundur sjóðsins var haldinn 7. maí 2001 á Grand Hótel. Helstu mál á ársfundinum voru:

Skýrsla stjórnar

Víglundur Þorsteinsson varaformaður flutti skýrslu stjórnar. Í máli hans kom m.a. fram að árið 2000 hefði einkennst af lækkunum á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum og var raunávöxtun sjóðsins 1,2% á árinu 2000, en undanfarin ár hefur hún verið frá 7% til 12%. Sagði hann að flestir lífeyrissjóðir sýni slaka ávöxtun fyrir liðið ár og að ávöxtun sjóðsins væri í hærri kantinum í samanburði við aðra lífeyrissjóði. Sjóðurinn hefði hins vegar notið góðrar arðsemi af hlutabréfaeign sinni á liðnum árum.

Víglundur sagði að í ljósi góðrar ávöxtunar á árinu 1999, hefði hann sagt á síðasta ársfundi að komið gæti til réttindaaukningar hjá sjóðnum á árinu 2001. Hann hefði þó jafnframt bent á, að með auknu vægi hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðsins yrði vart meiri ávöxtunarsveifla milli ára. Víglundur sagði, að í ljósi ávöxtunar liðins árs, væri ekki svigrúm til réttindaaukningar á þessu ári.

Fram kom hjá Víglundi að lífeyrisþegar sjóðsins væru nú um 5.000 talsins og hefði þeim fjölgað um rúm 10% milli ára. Taldi hann að lífeyrisþegar sjóðsins yrðu eftir nokkur ár orðnir 10.000 talsins og að stutt væri í að eignir sjóðsins færu yfir 100 milljarða.

Ársreikningur

Þorgeir Eyjólfsson forstjóri gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2000. Í máli hans kom m.a. fram að heildareignir sjóðsins námu 85,7 milljörðum í árslok sem er aukning um 10,1 milljarð eða 13,3% frá fyrra ári. Á árinu 2000 nutu 4.985 lífeyrisþegar lífeyrisgreiðslna að fjárhæð 1.559 mkr. úr sjóðnum og fjölgaði lífeyrisþegum um 10,3% á árinu.

Ávöxtun sjóðsins var 5,4% sem samsvarar 1,2% raunávöxtun samanborið við 11,9% raunávöxtun á árinu 1999. Hrein raunávöxtun var 1,1%. Meðalraunávöxtun sjóðsins síðustu 5 árin er 7,6%.

Árið 2000 var annað heila starfsár séreignardeildar sjóðsins og námu eignir á reikningum í séreignardeild í árslok 351 milljón. Nafnávöxtun séreignardeildar á liðnu ári var 5,36% og raunávöxtun 1,13%.

Tryggingafræðileg úttekt

Forstjóri gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt á stöðu sjóðsins en í árslok 2000 námu heildareignir sjóðsins 2,7 milljörðum eða 1,7% umfram heildarskuldbindingar.

Fjárfestingastefna og fjárhagsáætlun

Forstjóri greindi frá fjárfestingastefnu sjóðsins og fjárhagsáætlun fyrir árið 2001, en fjárfestingastefna sjóðsins breyttist ekki á árinu 2000.

Tilnefningar í stjórn 1.3.2001 til 29.2.2004

Forstjóri gerði grein fyrir tilnefningum í stjórn sjóðsins.

Tilnefningar Verzlunarmannafélags Reykjavíkur:

Gunnar P. Pálsson
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir
Magnús L. Sveinsson
Pétur A. Maack

Tilnefningar samtaka atvinnurekenda:

Benedikt Kristjánsson, Kaupmannasamtök Íslands
Birgir R. Jónsson, Samtök verzlunarinnar – FÍS
Kolbeinn Kristinsson, Samtök atvinnulífsins að fengnu álitum Verslunarráðs Íslands
Víglundur Þorsteinsson, Samtök iðnaðarins að fengnu álitum Samtaka atvinnulífsins

Formaður er Magnús L. Sveinsson og varaformaður Víglundur Þorsteinsson.

Breytingar á samþykktum sjóðsins

Forstjóri greindi frá því að á árinu 2000 voru gerðar breytingar á samþykktum sjóðsins til samræmis við breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem m.a. fela í sér rýmkun fjárfestinga lífeyrissjóða í erlendum verðbréfum úr 40% í 50% og fjárfestinga í hlutabréfum úr 35% í 50% og gilda nýjar samþykktir sjóðsins frá 1. janúar 2001. Þannig voru samþykktir sjóðsins aðlagðar breyttum lögum en eignarhlutur sjóðsins um síðustu áramót í hlutabréfum var 35% og í erlendum verðbréfum 23%, eða langt innan heimildarmarkanna.

Næsti ársfundur sjóðsins verður haldinn mánudaginn 29. apríl nk. kl. 17 í Gullteigi á Grand Hótel.

AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGAVEF SJÓÐSINS

Á liðnu ári var heimasíða sjóðsins www.live.is endurnýjuð auk þess sem sjóðfélögum var gefinn kostur á að fá beinan aðgang að upplýsingum um réttindi sín á upplýsingavef sjóðsins.

Á upplýsingavefnum geta sjóðfélagar kynnt sér lífeyrisréttindi sín með því að skoða stiga-inneign sína fyrir hvert ár ásamt sundurliðun iðgjalda fyrir hvern mánuð. Þá má sjá áætlaða upphæð ellilífeyris miðað við áunnin réttindi og forsendur um mánaðarlaun sem iðgjald er greitt af og aldur við töku lífeyris.

Auk þess sést séreignariðgjald sjóðfélagans fyrir hvert ár og staða séreignarinneignar með vöxtum og verðbótum ásamt sundurliðun iðgjalda fyrir hvern mánuð.

Á upplýsingavefnum má ennfremur sjá yfirlit yfir aðra lífeyrissjóði sem sjóðfélaginn hefur greitt til og síðasta ármánuð iðgjalds.

Nú hefur verið bætt við upplýsingavefinn yfirliti yfir vaxtagjöld og eftirstöðvar sjóðfélagalána um áramót sem m.a. mun nýtast sjóðfélögum við gerð skattframtals.

RAFRÆNAR SKILAGREINAR

Á næstunni gefst launagreiðendum kostur á að senda sjóðnum skilagreinar með rafrænum hætti í gegnum heimasíðu sjóðsins með það að markmiði að einfalda iðgjaldaskil.


Á fyrirtækjavef sjóðsins verður launagreiðendum boðið upp á þrjár leiðir við að senda skilagreinar. Í fyrsta lagi geta þeir launagreiðendur sem eru með launakerfi, sent sjóðnum iðgjalda- og félagsgjaldaskrár úr launakerfi sínu. Í öðru lagi verður hægt að búa til skilgrein á grundvelli síðustu skilagreinar og koma þá fram kennitölur og fjárhæðir síðustu skilagreinar. Þessi möguleiki er þægilegur ef litlar eða engar breytingar eru á skilgreinum milli mánaða. Í þriðja lagi verður hægt að fá auða skilgrein sem hentar launagreiðendum með fáa starfsmenn.

Ávinningur launagreiðenda verður margvíslegur af því að senda skilagreinar með rafrænum hætti. Þannig sparast bæði tími og kostnaður við að senda skilagreinar rafrænt því ekki þarft að póstsenda þær og í stað þess að gera sér ferð í bankann er hægt að greiða skilagreinar í gegnum hvaða heimabanka sem er. Þá eykst öryggi við meðferð skilagreina því ekki þarf að skrá aftur þær upplýsingar sem eru á rafrænum skilgreinum. Jafnframt munu launagreiðendur sjá stöðu skilagreina, hvort þær eru í vinnslu hjá launagreiðanda, bíða bókaðar hjá sjóðnum eða hafa verið bókaðar í réttindakerfi sjóðsins.

Rafrænar skilagreinar eins og aðrar skilagreinar eru bókaðar í réttindakerfi sjóðsins þegar þær hafa verið greiddar.

Hrein eign til greiðslu lífeyris í milljónum króna á verðlagi 1.1.2002

■ Hrein eign á verðlagi hvers árs



LÁN TIL SJÓÐFÉLAGA

Eftirspurn sjóðfélaga eftir lánnum hjá lífeyris-sjóðnum var meiri á liðnu ári en á árinu á undan. Á árinu 2001 voru afgreidd 1.939 lán til einstaklinga í samanburði við 1.599 lán árið áður sem er hækkun um 21%. Flestir lántakendur voru á aldrinum 30 – 39 ára eða samtals 693 og er fylgni á milli aldursdreifingar lántakenda og greiðandi sjóðfélaga.

Fjárhæð afgreiddra sjóðfélagalána var 4.069 milljónir sem er hækkun um 20% frá fyrra ári. Samhliða því sem lánað var til sjóðfélaga, voru keypt húsnæðisbréf og húsbref íbúðalánasjóðs fyrir 2.851 milljón á árinu 2001. Samtals voru því lánveitingar vegna húsnæðiskaupa einstaklinga 6.920 milljónir eða 44% af ráðstöfunarfé liðins árs.

Útistandandi lán til sjóðfélaga námu 15.140 milljónum í árslok eða um 16% af eignum sjóðs-ins en til samanburðar námu útistandandi lán til sjóðfélaga 11.337 milljónum eða um 13% af eignum í árslok 2000.

Afgreidd lán á árinu

	2001	2000	Breyting
Fjárhæð í millj. kr.	4.069	3.389	20%
Fjöldi lána	1.939	1.599	21%
Meðalfjárhæð í millj. kr.	2,1	2,1	0%
Hlutfall af fjárfestingum	25,6%	21,9%	


Fjöldi afgreiddra lána eftir aldri

Aldur	2001	2000
<20	3	2
20-29	464	423
30-39	693	522
40-49	470	382
50-59	245	200
60-69	49	52
70-79	15	18
Samtals	1.939	1.599

Staða sjóðfélagalána í árslok

	2001	2000	Breyting
Heildarfjárhæð í mkr.	15.140	11.337	34%
Fjöldi lána	13.772	12.574	10%
Meðalfjárhæð í þús. kr.	1.099	902	22%
Hlutfall af eignum	15,7%	13,4%	

Fjöldi afgreiddra sjóðfélagalána



LÁNAREGLUR

Lánareglur sjóðsins í febrúar 2002

1. Lánsupphæð er allt að 4.000.000.
2. Lánstími allt að 30 ár samkvæmt vali lántakanda.
3. Tólf gjalddagar á ári.
4. Lánið er bundið vísitölu neysluverðs.
5. Vextir eru nú 6,64% (15. febrúar 2002) og eru þeir 0,75% hærrí en meðalávöxtun í viðskiptakerfi Verðbréfaþings Íslands á nýjasta flokki húsbrefa til 25 ára. Vextir taka breytingum 15. hvers mánaðar miðað við meðalávöxtun í síðasta almanaxsmánuði samkvæmt útreikningi Verðbréfaþings Íslands.
9. Aðeins er lánað gegn fasteignaveði. Áhvílandi uppreiknaðar veðskuldir að viðbættu láni sjóðsins, mega ekki vera umfram 55% af metnu markaðsverði viðkomandi eignar sem löggiltur fasteignasali eða annar sérfróður aðili tilnefndur af sjóðnum framkvæmir (heildarveðsetning getur þó aldrei farið umfram 85% af brunabótamati). Kostnaður vegna verðmats greiðist af lántakanda.
10. Þinglýsingargjald (kr. 1.200) og stimpilgjald (1,5% af lánsfjárhæð) ber lántakanda að greiða. Lántökugjald 1% er dregið af andvirði lánsins við útborgun.

Lántökuskilyrði

6. Tveggja ára greiðslur til lífeyrissjóðs, þar af síðustu sex mánuði til Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.
7. Þrjú ár liðin frá síðustu lántöku.
8. Lántakanda ber að leggja fram yfirlit yfir skuldastöðu í lánastofnunum auk afrits af skattframtali, óski sjóðurinn eftir því. Komi í ljós að skuldastaða sé með þeim hætti að vafi leiki á greiðsluhæfi lántakanda getur sjóðurinn lækkað umbeðna lánsfjárhæð eða hafnað lánveitingu.

Mánaðarleg greiðslubyrði lána

Í meðfylgjandi töflu má sjá mánaðarlega meðaltalsgreiðslu á föstu verðlagi á 1. ári miðað við 6,64% vexti (15. febrúar 2002).

Lánsfjárhæð	Lánstími	Greiðslubyrði kr.
2.000.000	30 ár	16.920
2.000.000	20 ár	19.655
4.000.000	30 ár	33.840
4.000.000	20 ár	39.310



FJÁRFESTINGAR


Á liðnu ári ráðstafaði sjóðurinn til lánveitinga og verðbréfa kaupa 15.907 mkr. sem er 2,7% aukning frá árinu 2000.

Aukning var á lánveitingum til sjóðfélaga vegna vaxandi eftirspurnar þeirra eftir lánnum frá sjóðnum. Jafnframt var aukning á fjárfestingum sjóðsins í húsbrefum og húsnæðisbrefum íbúðalánasjóðs og í fasteignaveðtryggðum skuldabrefum.

Sundurliðun fjárfestinga sjóðsins í milljónum króna

	2001	%	2000	%
Sjóðfélagar	4.124,3	25,9	3.389,1	21,9
Háskólinn í Reykjavík	226,0	1,4	120,0	0,8
Stofnlánasjóðir	213,0	1,3	203,6	1,3
Húsnæðisbréf	687,6	4,3	552,6	3,6
Húsbref	2.163,6	13,6	1.141,1	7,4
Bankar og sparissjóðir	583,1	3,7	1.120,5	7,1
Fyrirtæki	222,1	1,4	0	0,0
Fasteignaveðtryggð skuldabref	596,5	3,8	3,6	0,0
Erlend verðbréf	4.808,8	30,2	5.229,6	33,8
Innlend hlutabref	2.281,8	14,4	3.729,3	24,1
Samtals	15.906,8	100,0	15.489,4	100,0

Skipting fjárfestinga



VERÐBRÉFAEIGN


Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar sjóðsins breyttist lítið á árinu 2001. Þannig voru skuldabréf um 66% af verðbréfaeign sjóðsins í árslok 2001 og innlend og erlend hlutabréf um 34%.

Til samanburðar voru skuldabréf 65% og innlend og erlend hlutabréf 35% af verðbréfaeigninni í árslok 2000.

Skipting verðbréfaeignar sjóðsins í milljónum króna

	2001	%	2000	%
Veðskuldabréf sjóðfélaga	15.139,9	15,7	11.337,4	13,4
Skuldabréf Íbúðalánasjóðs	5.206,8	5,4	5.741,5	6,8
Húsnæðisbréf	4.483,5	4,6	3.636,6	4,3
Húsbréf	18.188,1	18,8	15.889,7	18,7
Spariskírteini	1.475,6	1,5	1.290,5	1,5
Markaðsbréf, bankar og sparisjóðir	10.364,3	10,7	9.017,7	10,6
Markaðsbréf, eignarleigur	859,2	0,9	913,2	1,1
Markaðsbréf, fyrirtæki	3.211,6	3,3	2.763,4	3,2
Markaðsbréf, sveitarfélög	1.121,7	1,2	1.122,0	1,3
Skuldabréf fjárfestingalánasjóða atvinnuveganna	2.533,4	2,6	2.457,5	2,9
Veðskuldabréf önnur	1.625,9	1,7	1.224,6	1,4
Erlend verðbréf	21.985,0	22,8	19.256,3	22,7
Innlend hlutabréf	10.427,4	10,8	10.232,8	12,1
Samtals	96.622,4	100,0	84.883,2	100,0

Skipting verðbréfaeignar



ÁVÖXTUN

Ávöxtun sjóðsins á árinu 2001 var 7,8% eða neikvæð um 0,7% að raungildi samanborið við 1,2% raunávöxtun á árinu 2000. Hrein ávöxtun, þ.e. ávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum, var 7,7% eða neikvæð um 0,8% að raungildi. Meðal-raunávöxtun sjóðsins síðustu 5 árin er 5,9%.

Með hækkandi hlutfalli innlendra og erlendra hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðsins mun verða vart meiri sveiflna í ávöxtun sjóðsins á komandi árum. Til lengri tíma litið mun hærra hlutfall hlutabréfa skila sjóðnum betri raunávöxtun en ef eingöngu hefði verið fjárfest í skuldabréfum. Það má til að mynda sjá af raunávöxtun hlutabréfaeignar lífeyrissjóðsins á liðnum árum.


Heildararðsemi innlendu hlutabréfaeignarinnar yfir tímabilið 1980 til ársloka 2001 er 9,8% en var 14,3% í árslok 2000. Raunávöxtun innlendu hlutabréfaeignarinnar var -14,8% og nafnávöxtun -7,4% en á árinu 2001 lækkaði Heildarvísitala aðallista Verðbréfafings Íslands um 9,4% og Úrvalsvísitala aðallista um 11,3%.

Raunávöxtun erlendu verðbréfaeignar sjóðsins var -11,8% á árinu 2001 samanborið við -6,8% á árinu 2000. Raunávöxtun erlendu verðbréfaeignarinnar frá árinu 1994, þ.e. frá upphafi fjárfestinga sjóðsins í erlendum verðbréfum, var 2,0% samanborið við 8,9% í árslok 2000.



Aldursdreifing greiðandi sjóðfélaga

Summufall yfir fjölda greiðandi sjóðfélaga eftir aldri



INNLEND HLUTABRÉF

Þróun hlutabréfaverðs 2001

Á liðnu ári lækkaði Heildarvísitala aðallista Verðbréfaþings um rúm 9% frá upphafi til loka ársins. Á fyrstu átta mánuðum ársins hélt áfram sú lækkunarþróun á innlendum hlutabréfamarkaði sem hófst í apríl 2000. Í lok ágúst var vísitalan í sínu lægsta gildi en hækkaði síðan um rúm 17% fram til áramóta.

Í mars 2001 var horfið frá þeirri fastgengisstefnu sem tekin var upp hér á landi í upphafi síðasta áratugar. Vikmörk krónunnar voru afnumin og í kjölfarið lækkaði gengi krónunnar. Þegar árið var gert upp hafði gengisvísitala krónunnar, en hún endurspeglar vegið meðalverð erlendra gjaldmiðla eftir vægi þeirra í inn- og útflutningi, lækkað um rúm 17% frá upphafi til loka ársins.

Áhrif gengislækkunarinnar voru fyrst í stað neikvæð á afkomu fyrirtækjanna. Þannig hækkuðu erlendar skuldir þeirra, kostnaður við erlend aðföng hækkaði og aukinn verðbólga innanlands kynnti undir aukinn rekstrarkostnað. Þær afkomutölur vegna ársins 2001 sem liggja fyrir, og spár um afkomu annarra fyrirtækja bendir hins vegar til að afkoma fyrirtækja í heild verði betri en á árinu 2000. Þennan afkomubata má einkum rekja til bættrar afkomu útflutningsfyrirtækjanna sem sýna auknar rekstrartekjur í ljósi gengislækkunar krónunnar.

Hlutabréfaviðskipti og ávöxtun

Hlutabréfaviðskipti sjóðsins á árinu 2001 námu 3.458 milljónum. Þar af voru keypt hlutabréf fyrir 2.282 milljónir og seld hlutabréf fyrir 1.176 millj. Innlend hlutabréfakaup sjóðsins á síðasta ári námu 14% af fjárfestingum.

Í árslok 2001 nam hlutabréfaeign sjóðsins kr. 10,4 milljörðum eða 10,8% af verðbréfaeign samanborið við kr. 10,2 milljarða eða 12,1% af verðbréfaeign í árslok 2000.

Raunávöxtun innlendu hlutabréfaeignarinnar var -14,8% og nafnávöxtun -7,4% en til samanburðar lækkaði Heildarvísitala aðallista Verðbréfaþings Íslands um 9,4% og Úrvalsvísitala aðallista um 11,2% á árinu 2001. Heildararðsemi innlendu hlutabréfaeignar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna yfir 22 ára tímabil, þ.e. frá 1980 til ársloka 2001, sýnir 9,8% árlega raunávöxtun.

Innlend hlutabréfaeign í árslok

	2001	2000
Eign í milljónum kr.	10.427	10.233
Hlutfall af verðbréfaeign	10,8%	12,1%
Raunávöxtun frá 1980 til ársloka	9,8%	14,3%
Fjöldi félaga	44	40

Sjóðurinn hefur að markmiði að sem stærstur hluti hlutabréfaeignarinnar hafi þekkt markaðsverð og sé skráð á verðbréfaþingi og beitir sjóðurinn virkri eignastýringu á þingskráðu hlutabréfin til að leitast við að ná sem bestri ávöxtun til lengri tíma litið, að teknu tilliti til áhættu.

Í skýringu 12 með ársreikningi sjóðsins á bls. 35 má sjá sundurliðun á eign sjóðsins í einstökum hlutafélögum.

Í eftirfarandi töflu má sjá ávöxtun lífeyrissjóðsins á innlendum hlutabréfamarkaði frá 1997 – 2001. Uppsöfnuð umframávöxtun sjóðsins samanborið við Úrvalsvísitölu Verðbréfaþings Íslands yfir 5 ára tímabil er 55,1%.

Nafnávöxtun hlutabréfa

Ár	Nafnávöxtun hlutabréfa LV	Hækkun Úrvalsvísitölu VPÍ	Umframávöxtun	Uppsöfnuð umframávöxtun
1997	32,1%	14,2%	17,9%	17,9%
1998	19,8%	10,5%	9,3%	28,8%
1999	51,9%	46,4%	5,5%	35,9%
2000	-8,8%	-18,7%	9,9%	49,4%
2001	-7,4%	-11,2%	3,8%	55,1%

ERLENDAR FJÁRFESTINGAR

Á liðnu ári var fram haldið þeirri stefnu að byggja upp erlendu hlutabréfaeignina með það að markmiði að auka ávöxtun sjóðsins til lengri tíma samhliða því að ná aukinni áhættudreifingu verðbréfasafnsins.

Góð ávöxtun erlendis til lengri tíma

Á liðnum árum hefur vægi erlendra verðbréfa aukist í verðbréfasafni sjóðsins og í árslok var hlutfall erlendra verðbréfa tæp 23% af verðbréfaeign. Með vaxandi hlutfalli hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðsins mun verða vart meiri sveiflna á komandi árum í ávöxtun sjóðsins á milli ára sem helgast mun af þróun á hlutabréfaverði á markaði bæði innanlands og erlendis. Þar sem meðalaldur sjóðfélaga lífeyrissjóðsins er 33 ár er unnt að horfa til mjög langs tíma um fjárfestingar sjóðsins en til lengri tíma gefa hlutabréf nokkuð hærri ávöxtun en skuldabréf. Það mun síðan skila sjóðfélögum sjóðsins ávinningi í betri lífeyrisrétti þegar fram líða stundir.

Erlendir hlutabréfamarkaðir á árinu 2001

Árið 2001 olli vonbrigðum á erlendum hlutabréfamörkuðum og lækkaði heimsvísitala Morgan Stanley, en hún er helsti mælikvarði á breytingu hlutabréfaverðs í heiminum, um 18% á liðnu ári. Liðið ár er annað árið í röð sem erlendir hlutabréfamarkaðir sýna neikvæða ávöxtun.


Miklar sveiflur voru á erlendum hlutabréfamörkuðum á liðnu ári og hafði Seðlabanki Bandaríkjanna frumkvæði að því að lækka vexti nokkrum sinnum á árinu í ljósi efnahagslegrar

stöðunar og almennt lakari afkomu fyrirtækja í heiminum.

Í ársbyrjun hækkuðu hlutabréfamarkaðir í Bandaríkjunum í kjölfar vaxtalækkunar en sú hækkun var skammvinn. Á fyrsta ársfjórðungi ársins 2001 birtust fréttir af slakri afkomu í tækni- og fjarskiptageiranum sem hafði áhrif til lækkunar á helstu hlutabréfamörkuðum. Á öðrum ársfjórðungi gengu þessar lækkunar að mestu til baka m.a. í ljósi þess að Seðlabanki Bandaríkjanna hélt áfram að lækka vexti en líkt og á fyrsta ársfjórðungi gengu þessar hækkunar til baka þegar ljóst var að afkoma fyrirtækja, og þá aðallega tæknifyrirtækja var ekki að batna. Í heildina var Bandaríski hlutabréfamarkaðurinn þó að sýna betri árangur en aðrir hlutabréfamarkaðir. Á þriðja ársfjórðungi héldu hlutabréfamarkaðir áfram að lækka og eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum 11. september var hætta á að efnahagslægðin myndi breytast í efnahagskreppu. Bandaríski Seðlabankinn brást því enn við með lækkun vaxta. Á fjórða ársfjórðungi hækkuðu markaðir víðast hvar í heiminum í ljósi lækkandi olíuverðs, vaxta og áforma um skattalækkunar í Bandaríkjunum.

Þegar árið 2001 var gert upp hafði Nasdaq vísitalan, sem samanstandur að stærstum hluta af tæknifyrirtækjum, lækkað um rúm 21%. Á sama tíma lækkaði Dow Jones hlutabréfavisitalan sem samanstandur af 30 stórum fyrirtækjum í Bandaríkjunum um 7%. Evrópskir hlutabréfamarkaðir í heild lækkuðu um rúm 19% og Japanski hlutabréfamarkaðurinn lækkaði um nærri 30%.

Hlutfallsleg þróun nokkurra vísitalna árið 2001



Erlend verðbréfaeign í árslok

	2001	2000
Eign í milljónum kr.	21.985	19.256
Hlutfall af verðbréfaeign	22,8%	22,7%
Raunávöxtun frá 1994 til ársloka	2,0%	8,9%
Fjöldi fjárvörsluaðila	17	13

Helstu breytingar á erlendu verðbréfaeigninni

Á liðnu ári var ákveðið að hefja fjárfestingar í eftirtöldum verðbréfasjóðum:

Schroder Private Equity Fund of Funds er einkafjármagnssjóðasjóður sem fjárfestir ekki beint í einstökum hlutafélögum heldur í sjóðum sem eiga síðan í einstökum hlutafélögum. Markmið sjóðsins er að ná langtíma vexti fjármagns með því að fjárfesta í safni áhættufjármagnssjóða, aðallega í Bandaríkjunum og Evrópu á þriggja ára tímabili. Fjárfesting lífeyrissjóðsins í sjóðasjóði Schroder's opnar leið að „private equity/venture capital“ fjárfestingu í gegnum reynslumikla sérfræðinga.

Scudder, Stevens & Clark er með stærstu fjárvörsluaðilum í Bandaríkjunum. Á liðnu ári var ákveðið að fjárfesta í **Scudder Crescendo European Hedge Fund** en fjárfestingastefna sjóðsins setur hann í flokk þeirra „hedge sjóða“ þar sem

fjárfest er „long/short“ í evrópskum hlutabréfum og er hann skráður í kauphöllinni í Dublin á Írlandi. Jafnframt var ákveðið að fjárfesta í **Scudder Venture Fund** en það er einkafjármagnssjóðasjóður sem hefur það að markmiði að fjárfesta í einkafjármagnssjóðum í Bandaríkjunum með áherslu á nýstofnuð eða nýleg fyrirtæki.

Fidelity er bandarískt fyrirtæki og er með stærstu fjárvörsluaðilum í heiminum. Á liðnu ári var ákveðið að fjárfesta í **Fidelity Euro Blue Chip Fund** sem fjárfestir aðallega í hlutabréfum stórra og traustra fyrirtækja í þeim löndum sem eru aðilar að evrópska myntbandalaginu. Einnig hófust fjárfestingar í **Fidelity European Growth Fund** sem fjárfestir aðallega í hlutabréfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Evrópu.

Kaupþing: Á liðnu ári var verðbréfaeign sjóðsins í Kaupþing Global Equity Class, GIR Vogunarsjóði og Global Technology Fund færð yfir í Fidelity verðbréfasjóði sem Kaupþing er umsjónaraðili fyrir en jafnframt var fjárfest í aðgreindu alþjóðlegu hlutabréfasafni Kaupþings. Að endingu var fjárfest í **Carnegie World Wide Fund** sem er alþjóðahlutabréfasjóður sem skráður er í Lúxemborg.

Erlend verðbréfaeign sjóðsins um sl. áramót nam 22,0 milljörðum samanborið við 19,3 milljarða í árslok 2000 og nam 22,8% af verðbréfaeignin samanborið við 22,7% í árslok 2000.

Erlend verðbréfaeign í milljónum króna 31.12.2001

	Eignir	Raunáv. frá upphafi	Raunáv. 2001
Schroder Investment Management	7.529	6,5%	-9,7%
Schroder Investm. Management (Sapphire Fund)	294	4,2%	4,4%
Schroder Investm. Management (Private Equity Fund)	273		
Schroder Investm. Management (Emerging Markets Fund)	155	-3,2%	3,0%
Scudder, Stevens & Clark (Strategic Global Themes Fund)	5.139	8,5%	-6,3%
Scudder, Stevens & Clark (Crescendo European Hedge Fund)	479		
Scudder, Stevens & Clark (Venture Fund)	53		
Alliance (Global Growth Trends Fund)	2.210	2,7%	-4,3%
Alliance (International Technology Fund)	843	-15,2%	-17,4%
Morgan Stanley	1.343	-10,6%	-21,4%
Vanguard (Global Stock Index Fund)	1.305	-8,8%	-9,1%
Fidelity (International Fund)	1.076	-5,2%	-12,7%
Fidelity (Euro Blue Chip Fund)	322		
Fidelity (European Growth Fund)	308		
Kaupþing	391		
Kaupþing Fund (Nordic Growth Class)	101	-19,0%	-14,6%
Carnegie (World Wide Fund)	164		
Samtals	21.985	2,0%	-11,8%

Þar sem upplýsingar vantar í töfluna er of stutt liðið frá því fjárfestingar sjóðsins í viðkomandi verðbréfasjóðum hófust til þess að mæling á fjárvörsluárangri sé marktæk.

FJÁRFESTINGA- OG HLUTHAFASTEFNA

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi fjárfestinga- og hluthafastefnu:

Fjárfestingastefna

Fjárfestingastefnan er grundvölluð á samþykktum sjóðsins og á samningi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og samtaka atvinnurekenda frá 30. desember 1996 um lífeyrismál.

Sjóðurinn er fagfjárfestir sem hefur að höfuðmarkmiði að hámarka eignir og réttindi sjóðfélaganna og skal það sjónarmið lagt til grundvallar við fjárfestingar og eignastýringu á verðbréfasafni sjóðsins. Fjármagn sjóðsins skal ávaxtað með hliðsjón af þeim kjörum, sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til varúðarsjónarmiða, áhættu og verðtryggðra langtímaskuldbindinga sjóðsins.

Lífeyrisbyrði sjóðsins hefur minnkað úr 30,8% á árinu 1996 í 27,5% á árinu 2000. Spá um þróun lífeyrisbyrði á næsta áratug bendir til þess að hún vaxi hægfara og verði á bilinu 35% til 37% á árinu 2010. Þessi fyrirsjáanlega þróun með tilliti til réttindaávinnslu í stigakerfi lífeyrissjóðsins mun leiða til þess að áætlað framtíðargreiðsluflæði vegna lífeyrisskuldbindinga muni nema liðlega 20% af ráðstöfunarfé til nýfjárfestinga á árinu 2010. Ofangreind þróun lífeyrisbyrðinnar og greiðsluflæðis lífeyris gerir sjóðnum kleyft að beita langtíamarkmiðum við ákvörðun um fjárfestingastefnu lífeyrissjóðsins. Á næstu fimm árum er gert ráð fyrir að hlutfall skuldabréfa í eignasafni sjóðsins lækki úr 65% í 50%, hlutfall innlendra hlutabréfa sem nú er 10% hækki í 15% og hlutfall erlendra hlutabréfa hækki úr 25% af eignum í 35%.

Þar sem eignir séreignardeildar lífeyrissjóðsins eru ávaxtaðar samhliða öðrum eignum lífeyrissjóðsins gilda sömu forsendur um fjárfestingastefnu séreignardeildarinnar og samtryggingardeildarinnar. Lífeyrisbyrði í séreignadeild er óveruleg og mun lítið breytast á næsta áratug.

